

SAMÞYKKT

um hunda- og kattahald og annað gæludýrahald í Eyjafjarðarsveit.

I. KAFLI

Almennt.

1. gr.

Gildissvið.

Samþykkt þessi gildir um hunda- og kattahald og annað gæludýrahald í lögsagnarumdæmi Eyjafjarðarsveitar og sætir þeim takmörkunum sem fram koma í samþykkt þessari. Þéttbýlin sem um ræðir í samþykkt þessari eru Hrafnagilshverfi, Kristneshverfi og Brúnahlíðahverfi.

2. gr.

Stjórnsýsla.

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra fer með málefni hunda- og kattahalds og annars gæludýrahalds samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og hefur eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar. Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar fer með framkvæmd samþykktarinnar í umboði heilbrigðisnefndar, eins og nánar greinir í samþykkt þessari, og felur starfsmönnum sínum í hlutverk dýraeftirlitsmanna, sem starfa undir eftirliti og á ábyrgð heilbrigðisnefndar, að framfylgja samþykkt þessari.

Dýraeftirlitsmenn geta leitað aðstoðar heilbrigðisnefndar, Matvælastofnunar og lögregluþingvalda, ef þörf krefur, t.d. ef gæludýr er að mati eftirlitsmanns hættulegt umhverfi sínu eða vörsluaðili dýrs tálmar starfi eftirlitsmanns samkvæmt samþykkt þessari eða þegar nauðsynlegt er vegna almannahagsmuna, dýravelferðar eða heilbrigðis- og öryggissjónarmiða að leita atbeina lögreglu við að fjarlægja dýr.

3. gr.

Dýravelferð og dýravernd.

Um almennan aðbúnað og velferð gæludýra sem og um ræktun, verslun, geymslu og leigu gæludýra í atvinnuskyni, gilda ákvæði laga nr. 55/2013, um velferð dýra og reglugerðar nr. 80/2016, um velferð gæludýra.

Samkvæmt lögum nr. 55/2013, um velferð dýra, fer Matvælastofnun með eftirlit og framkvæmd þeirra laga og reglugerða um velferð dýra.

4. gr.

Umfangsmikið dýrahald.

Sérstaka heimild þarf að sækja til sveitarfélagsins um gæludýrahald hunda og katta fleiri en þriggja af sömu tegund á heimili sem ekki telst til búrekstrar. Jafnframt þarf að sækja um heimild til sveitarfélagsins fyrir ræktun, verslun, geymslu, leigu, miðlun og annarri nýtingu dýra í atvinnu- og/eða góðgerðarskyni. Að öðru leyti fer um umfangsmikið gæludýrahald samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 80/2016, um velferð gæludýra. Sérstaka heimild þarf að sækja til sveitarfélagsins vegna slíkrar starfsemi, sjá nánar heimasíðu sveitarfélagsins.

II. KAFLI

Gjaldtaka og skráningar.

5. gr.

Gjaldtaka.

Sveitarstjórn er heimilt að innheimta skráningar- og eftirlitgjöld í samræmi við gjaldskrá sem sveitarfélagið setur skv. 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Sveitarstjórn skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

Skráningargjald skal í fyrsta sinn greitt við skráningu hunda og katta og eftirlitsgjald síðan árlega fyrir fram.

Gjöldunum er ætlað að standa undir kostnaði sveitarfélags við katta- og hundahald. Gjöld skulu taka mið af þeim kostnaði sem leiðir af framkvæmd samþykktarinnar og mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Í gjaldskránni skal koma fram hvað er innifalið í skráningargjaldi og upphæð handsömunar- og vörslugjalds vegna katta og hunda sem ganga lausir eða sem teknir eru í vörslu sveitarfélagsins vegna brota á samþykkt þessari.

Kettir og hundar sem notaðir eru við búrekstur á lögbýlum eru undanþegnir gjaldtöku, en skylt er að skrá þau dýr og framvísa til sveitarfélagsins árlegu vottorði um ormahreinsun og merkingu. Sveitarstjórn getur fellt niður eða ákveðið lægra gjald fyrir hunda sem notaðir eru til löggæslu- eða björgunarstarfa og minkahunda svo og fyrir hjálphunda sem að læknisráði eru notaðir til að aðstoða fólk með fötlun.

6. gr.

Leyfi og gögn sem þarf að framvísa við skráningu.

Hunda- og kattahald í lögsagnarumdæmi Eyjafarðarsveitar er háð leyfi og bundið þeim skilyrðum, sem nánar eru tilgreind í samþykkt þessari og ber eigendum og umráðamönnum þessara dýra að fara að fyrirmælum samþykktarinnar í einu og öllu. Umsókn um leyfi til dýrahalds skal berast skrifstofu sveitarfélagsins. Eftirfarandi gögn skal leggja fram við skráningu dýrs:

1. Undirritaða leyfisumsókn á umsóknareyðublöðum sem má nálgast á skrifstofu sveitarfélagsins eða rafrænt á heimasíðu þess.
2. Upplýsingar um heiti, fæðingardag, kyn, tegund og önnur einkenni dýrs.
3. Mynd af dýri.
4. Vottorð frá dýralækni um einstaklingsmerkingu dýrs, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra.
5. Vottorð frá dýralækni um ormahreinsun dýrs, sbr. 57.-58 gr. reglugerðar nr. 941/2002, um hollustuhætti.
6. Staðfestingu frá viðurkenndu tryggingafyrirtæki um að umsækjandi hafi gilda ábyrgðartryggingu sem nær til alls þess tjóns sem dýrið kann að valda mönnum, dýrum, gróðri eða munum.
7. Þegar fyrirhugað er að halda dýr í fjölbýlishúsi gilda ákvæði laga nr. 26/1994, um fjöleignarhús, er þá skylt að leggja fram samþykki tilskilins hluta íbúa og/eða eigenda, sem hafa sameiginlegan inngang, stigagang eða annað sameiginlegt húsrými. Þetta skal gert áður en dýrið er tekið inn á heimili í fjöleignarhúsi.

Skilyrði fyrir veitingu leyfis er að gögn skv. 1. mgr. hafi verið lögð fram af hálfu umsækjanda og skráningargjald greitt samkvæmt gjaldskrá sveitarfélagsins sem sett er skv. 5. gr. og að uppfylltum skilmálum samþykktar þessarar.

Eigandi skal tilkynna sveitarfélaginu skriflega innan mánaðar um aðsetursskipti eða dauða dýrs.

Óheimilt er að halda dýr í húsnæði þar sem enginn er búsettur.

Sveitarfélaginu er heimilt að hafna beiðni um skráningu dýrs ef umsækjandi hefur áður gerst brotlegur við samþykkt um dýrahald í sveitarfélaginu eða annars staðar.

Sveitarfélagið mun hafna beiðni um skráningu fjórða dýrs sömu tegundar á heimili og beina viðkomandi umsækjanda í farveg umsóknar skv. 4. gr.

Umsækjandi getur skotið synjun sveitarfélagsins um skráningu dýrs til Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra.

III. KAFLI

Skyldur aðila.

7. gr.

Skyldur sveitarfélags.

Sveitarfélagið skal tryggja að til staðar sé dýrageymsla sem hefur tilskilin leyfi skv. 24. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra, reglugerð nr. 941/2002, um hollustuhætti, og reglugerð nr. 80/2016, um velferð gæludýra. Í dýrageymslu skal hýsa þau dýr sem þarf að fanga vegna lausagöngu eða brota á samþykkt þessari.

Sveitarstjórn getur ákveðið að merkja ákveðin svæði þar sem ekki má vera með dýr. Einnig getur sveitarstjórn ákveðið að láta afmarka ákveðin svæði þar sem sleppa má dýrum lausum. Svæði þessi skulu auglýst og kynnt sérstaklega fyrir eigendum dýra sem og almenningi.

8. gr.

Skyldur eftirlitsaðila.

Dýraeftirlitsmenn sveitarfélagsins skulu halda uppfærða skrá yfir dýr þau er þessi samþykkt tekur yfir. Í skránni skulu koma fram allar upplýsingar er varða skráð dýr og sem dýraeftirlitsmaður telur skipta máli þ.m.t. hvenær dýr hafa verið ormahreinsuð og öll afskipti sem eftirlitsaðilar hafa haft af dýrum og eigendum þeirra því tengdu.

Heilbrigðiseftirlit, lögregla og eftir atvikum starfsmenn sveitarfélagsins skulu tilkynna dýraeftirlitsmönnum um kvartanir eða afskipti þeirra af viðkomandi dýrum í sveitarfélaginu.

Dýraeftirlitsmaður leggur til við sveitarstjóra að viðkomandi eigendur séu áminntir vegna brota á samþykkt þessari og heldur skrá um það.

9. gr.

Skyldur eigenda og umráðarmanna hunda og katta.

Eigendur skulu færa dýr sín árlega til ormahreinsunar hjá dýralækni og skulu afhenda sveitarfélaginu staðfestingu um að ormahreinsun hafi farið fram. Hvatt er til reglulegra bólusetninga hunda og katta gegn helstu smitsjúkdómum þeirra.

Auk einstaklingsmerkingar skulu dýr sem skráð eru í þéttbýli ávallt bera ól með tengiliðaupplýsingum.

Eiganda eða umráðamanni er ávallt skylt að fjarlægja saur eftir dýr sitt.

Eiganda eða umráðamanni er skylt að sjá til þess að dýr hans valdi ekki hættu, óþægindum, óþrifnaði, óöryggi eða verði mönnum til óþæginda á annan hátt, t.d. með stöðugu eða ítrekuðu gelti, ýlfri, breimi eða óæskilegum heimsóknum.

Ef dýr veldur nágrönnum eða öðrum ítrekuðu ónæði, óþrifum eða tjóni, þá ber eiganda eða umráðamanni þess að leita leiða til að koma í veg fyrir slíkt.

Dýraeigendur eru ábyrgir fyrir því tjóni sem dýr þeirra sannanlega valda. Foreldrar eru ábyrgir fyrir dýri ólögráða barna sinna enda óheimilt að skrá það á annan en lögráða einstakling.

Óheimilt er að hleypa hundum, köttum og öðrum gæludýrum inn í opinberar stofnarnir, skólahús, vatnsveitur, vatnsból og verndarsvæði þeirra, brunna og sjóveitur eða inn á aðra þá staði sem tilgreindir eru í fylgiskjali 3 með reglugerð nr. 941/2002, um hollustuhætti, nema í þeim tilvikum sem eru tilgreind í 19. gr. reglugerðarinnar. Einnig er óheimilt að hleypa dýrum inn í húsnæði matvælafyrirtækja, sbr. reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli, og inn í húsnæði vatnsveitna, sbr. reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.

Dýrahald er óheimilt í íbúðarhúsnæði í eigu sveitarfélagsins nema með sérstöku leyfi sveitarstjóra.

IV. KAFLI

Hundahald.

10. gr.

Skráning hunda.

Allir hundar eru skráningar- og leyfisskyldir hjá sveitarfélaginu. Skylt er að sækja um skráningu innan tveggja vikna frá því að hundur er tekinn inn á heimili. Hvolpa skal skrá eigi síðar en þegar þeir ná þriggja mánaða aldri. Hund skal skrá á nafn og heimili lögráða einstaklings sem hefur lögheimili í sveitarfélaginu. Viðkomandi einstaklingur er skráður eigandi hundsins og skal hundurinn haldinn á heimili eigandans. Að uppfylltum skilyrðum 6. gr. og öðrum ákvæðum samþykktar þessarar er gefið út leyfi. Útgefið leyfi er óframseljanlegt. Ekki skal skrá fleiri en þrjá hunda á sama heimili, nema að fenginni sérstakri heimild skv. 4. gr.

Hundar sem sótt er um skráningu fyrir skulu örmerktir af dýralækni samkvæmt reglugerð nr. 80/2016, um velferð gæludýra, og skal númer merkis skráð við skráningu hundsins.

Dveljist hundur tímabundið í sveitarfélaginu skal skrá hann, en slík skráning skal þó ekki gilda lengur en í þrjá mánuði og er þá gjaldfrjál. Skráning skal fara fram sem fyrst og ekki seinna en innan tveggja vikna frá því að hundur kom inn í sveitarfélagið. Um gestkomandi hunda sem skráðir eru tímabundið sem og óskráða hunda gilda öll ákvæði þessarar samþykktar.

Við skráningu hunds getur sveitarfélagið leitað umsagnar lögreglu og annarra heilbrigðiseftirlitssvæða telji það ástæðu til.

11. gr.

Skyldur hundaeigenda.

Aðeins er heimilt að tjóðra hunda utandyra í undantekningartilvikum og þá einungis í stuttan tíma í senn, sbr. reglugerð nr. 80/2016, um velferð gæludýra. Þegar hundur er í festi á lóð skal lengd festarinnar við það miðuð að þeir sem eiga réttmætt erindi inn á lóðina geti óhindrað farið um lóðina.

Í þéttbýli skal hundur aldrei ganga laus nema á svæðum sem eru þar til ætluð, heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum eða vera í tryggu gerði innan lóðar. Ef hundur sleppur skulu umráðamenn þegar gera ráðstafanir til að handsama hann.

Sé hundi eða hundum haldið í útigerði skal staðsetja það svo að þeir hljóti ekki ónæði af nærliggjandi umferð hverslags sem hún er og jafnframt koma gerði svo fyrir að ekki hljótist ónæði eða óþægindi af þeim hundum sem þar dvelja.

Utan þéttbýlismarkna er heimilt að sleppa hundi lausum undir eftirliti umsjónarmanns, án þess þó að gengið sé á rétt viðkomandi landeiganda. Sé hundur laus ber umsjónarmanni að tryggja að hann valdi ekki öðrum ónæði, skapi hættu eða óöryggi.

Hundur utan þéttbýlis mega ganga frjálssir á landareign eigenda sinna undir tilsjón ábyrgs aðila. Ávallt skal taka tillit til fólks, fugla og búfjár þegar hundi er sleppt lausum. Að öðru leyti skulu þeir hundar háðir ákvæðum samþykktar þessarar.

Hafi eigandi eða umráðamaður hunds vitneskju um eða ástæðu til að ætla að hundurinn sé grimmur eða varasamur skal hann ávallt hafa hundinn mýldan utan heimilis.

12. gr.

Lausaganga hunda.

Ef hundur hverfur frá heimili sínu skal eigandi eða umráðamaður umsvifalaust gera ráðstafanir til að finna hundinn.

Dýraeftirlitsmaður skal handsama hund sem er óleyfilegur eða gengur laus á almannafæri og auglýsa á heimasíðu sveitarfélagsins að hann hafi verið tekinn í vörslu.

Sé skráður hundur handsamaður skal strax tilkynna eiganda það og upplýsa hann um hvað vanræksla á að vitja hundsins getur haft í för með sér. Ef eigandi vitjar hunds eigi innan viku, frá því að honum er tilkynnt um handsömun eða ef skráður eigandi finnst ekki innan tveggja vikna frá handsömun, er hægt að ráðstafa hundi með þeim hætti sem gildir um hálfvillt dýr, sbr. ákvæði 24. gr. laga nr. 55/2013 um dýravelferð. Kostnaður vegna handsömunar og vörslu á hundi skal greiddur af eiganda eða forráðamanni.

Sé hundur ekki skráður í sveitarfélaginu er óheimilt að afhenda hann fyrir en hann hefur verið skráður í samræmi við samþykkt þessa. Að aflokinni skráningu og gegn framvísun á staðfestingu greiðslu skráningar- og handsömunargjalds auk annars áfallins kostnaðar vegna brotsins, sbr. gjaldskrá sveitarfélagsins, getur eigandi hundsins fengið hann afhentan.

Hundur sem ekki er einstaklingsmerktur í samræmi við 22. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra, telst vera hálfvillt dýr. Komi til handsömunar á slíkum hundi er sveitarfélaginu heimilt að ráðstafa honum til nýs eiganda, selja hann gegn áföllnum kostnaði eða aflífa án bóta, þegar liðnir eru tveir sólarhringar frá handsömun, sbr. ákvæði 24. gr. laga nr. 55/2013 um dýravelferð.

13. gr.

Grimmir, varasamir og hættulegir hundar. Aflifun.

Hafi hundur bitið mann, skepnu eða gæludýr svo á sjái sem og ef hundur telst hættulegur skal fjarlægja hann og er lögreglu og eftirlitsmanni eftir atvikum heimilt að láta aflífa hundinn. Þá getur tjónþoli eða forráðamaður hans krafist þess að hundurinn verði aflífaður. Leggi tjónþoli eða forráðamaður hans ekki fram kröfu um aflifun hunds skal heilbrigðisnefnd gera kröfu þar um að fenginni rökstuddri beiðni frá dýraeftirlitsmanni sveitarfélags.

Nú samþykkir skráður eigandi hunds ekki aflifun og skal þá heilbrigðisnefnd taka ákvörðun um hvort fallist verði á kröfuna. Óski hundaeigandi þess getur hann lagt fram álit sérfróðs aðila, dýralæknis eða hundaþjálfara sem heilbrigðisnefnd viðurkennir, áður en ákvörðun um aflifun er tekin.

Meðan mál hunds er í skoðun er eiganda skylt að hafa hundinn í samþykktri dýrageymslu. Eigandi getur þó sótt um til heilbrigðisnefndar að fá að hafa hundinn á heimili sínu meðan málið er í skoðun gegn skuldbindingu um að hafa hundinn ávallt myldan þegar hann er utandyra.

Allur kostnaður vegna skapgerðarmats og vistunar hunds skal greiddur af eiganda.

Hafi hundur bitið tvisvar eða oftar eða valdið skaða, má aflífa hann án frekari viðvarana.

V. KAFLI

Kattahald.

14. gr.

Skráning katta.

Allir kettir í þéttbýli eru skráningarskyldir.

Skylt er að sækja um skráningu kattar hjá sveitarfélaginu innan tveggja vikna frá því að köttur er tekinn inn á heimili. Kettlinga skal skrá eigi síðar en þegar þeir ná þriggja mánaða aldri.

Kettir sem sótt er um skráningu fyrir skulu örmerktir af dýralækni samkvæmt reglugerð nr. 80/2016, um velferð gæludýra, og skal númer merkis skráð við skráningu dýrs.

Ketti skal skrá á nafn og heimili lögráða einstaklings sem hefur lögheimili í sveitarfélaginu og skal kötturinn haldinn á heimili eigandans. Útgefið leyfi er óframseljanlegt. Ekki er heimilt að skrá fleiri en þrjá ketti á hvert heimili, nema að fenginni sérstakri heimild skv. 4. gr.

Kattahald í dreifbýli sætir þó að öllu jöfnu ekki takmörkunum þar sem kettir teljast hluti af búskap en þá ketti skal þó jafnframt skrá.

Við skráningu kattar getur sveitarfélag leitað umsagnar lögreglu og annarra heilbrigðiseftirlitssvæða telji það ástæðu til.

15. gr.

Skyldur kattaeigenda.

Kattaeigendum ber að sjá til þess að högnar séu geltir og að læður séu gerðar ófrjóar eða hafðar á getnaðarvarnapillu.

Kattaeigendum í þéttbýli ber að hafa sandkassa fyrir köttinn á lóð sinni og að þjálfa köttinn í að ganga gjörða sinna þar.

Eigendum og umráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma, t.d. með því að takmarka útiveru þeirra eða halda þeim í taum og eftir atvikum hengja á þá bjöllu.

16. gr.

Föngun katta.

Ef köttur hverfur frá heimili sínu skal eigandi eða umráðamaður gera ráðstafanir til að finna köttinn.

Dýraeftirlitsmanni er heimilt að fanga ketti í búr í eftirfarandi tilfellum:

1. ef köttur er ómerktur, hvort sem er án hálsólar og/eða varanlegs merkis,
2. ef ítrekað er kvartað undan ágangi katta á tilteknu svæði,
3. ef ítrekað er kvartað undan ákveðnum ketti eða
4. ef köttur finnst innandyra hjá nágranna í leyfisleysi, á öðrum óheimilum stað eða í fjöleignarhúsi þar sem á skortir tilskilið samþykki annarra íbúðareigenda, sbr. 7. tölul. 1. mgr. 6. gr.

Kettir sem fangaðir eru skulu færðir í dýrageymslu skv. 7. gr. Merktum köttum sem ekki er kvartað yfir en lenda í búrum skal þó sleppa lausum og skráðum eigendum tilkynnt um handsömunina og ástæður hennar.

Ef merktir kettir eru teknir úr umferð skv. 2. og 3. tölul. 2. mgr. skal það tilkynnt skráðum eigendum.

Komi ítrekað til handsömunar á merktum ketti vegna ónæðis telst það vera brot á samþykkt þessari.

Ef umráðamaður vitjar ekki dýrsins innan einnar viku frá því að honum var tilkynnt um handsömun þess eða ef umráðamaður finnst ekki innan tveggja vikna er sveitarfélaginu heimilt að ráðstafa dýrinu eins og um hálfvilt dýr sé að ræða, sbr. ákvæði 24. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra. Köttur, sem hefur verið handsamaður ítrekað, skal færður í dýrageymslu og því aðeins afhentur eiganda að öll skilyrði fyrir kattahaldi skv. 6. gr. séu uppfyllt. Kattareigandi ber allan kostnað af handsömun, vörslu og fóðrun kattarins, sem og aflifunar hans ef til hennar kemur samkvæmt gjaldskrá sveitarfélagsins.

Köttur sem ekki er einstaklingsmerktur í samræmi við 22. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra, telst vera hálfvillt dýr. Í þeim tilvikum sem hálfvilltir kettir eru handsamaðir er sveitarfélaginu heimilt að ráðstafa kettinum til nýs eiganda, selja hann gegn áföllnum kostnaði eða aflífa án bóta eftir tveggja sólarhringa frá handsömun.

Eigandi ómerkts kattar sem gefur sig fram skal því aðeins fá köttinn afhentan að hann hafi látið skrá köttinn, greitt skráningargjald vegna hans og uppfyllt öll skilyrði samþykktar þessarar fyrir leyfi til kattahalds.

17. gr.

Aðgerðir gegn hálfvilltum köttum.

Meiriháttar föngun hálfvilltra katta í þéttbýliskjörnum skal auglýsa með a.m.k. viku fyrirvara og með tilmælum um að skráðum köttum sé haldið innan dyra.

Eftir tvo sólarhringa frá handsömun er sveitarfélaginu heimilt að ráðstafa hálfvilltum ketti til nýs eiganda, selja hann gegn áföllnum kostnaði eða aflífa án bóta, sbr. ákvæði 24. gr. laga nr. 55/2013 um dýravelferð.

VI. KAFLI

Önnur gæludýr.

18. gr.

Gæludýr önnur en kettir og hundar.

Eigendum og umráðamönnum gæludýra annarra en hunda og katta er skylt að koma í veg fyrir að dýr þeirra sleppi úr haldi. Gerist það skal þegar gera ráðstafanir til að handsama dýrið.

Eigendur og umráðamenn gæludýra sem haldin eru utandyra, t.d. kanína eða annarra nagdýra, skulu sjá til þess að dýrin valdi ekki nágrönnum ama svo sem með hávaða eða óhreinindum. Skulu þeir tryggja að dýrin geti ekki nagað sig út úr búri eða aðhaldi.

Kanínur skulu einstaklingsmerktar skv. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra.

VII. KAFLI

Önnur ákvæði.

19. gr.

Þvingunarúrræði og afturköllun leyfa.

Um valdsvið og þvingunarúrræði fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Eigendur eða umráðamenn dýra sem brjóta gegn ákvæðum samþykktar þessarar skulu jafnan sæta skriflegri áminningu og gefinn hæfilegur frestur til úrbóta.

Sveitarstjórn er heimilt að afturkalla skráningu dýra ef vanhöld verða á tryggingum eða greiðslu skráningargjalda sem og ef eigandi hefur brotið gegn samþykkt þessari. Einnig er heimilt að afturkalla allar skráningar telji sveitarfélagið það nauðsynlegt í þágu hollustuhátta og öryggis. Jafnframt getur sveitarfélagið, telji það og héraðsdýralæknir brýna þörf á, af sömu ástæðu bannað eða takmarkað gæludýrahald í dreifbýli.

Ef eigandi eða umráðamaður dýrs vanrækir skyldur sínar eða brýtur ítrekað eða alvarlega gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum sem gilda um dýrahald getur sveitarstjórn bannað eða takmarkað rétt viðkomandi að halda dýr og látið fjarlægja það.

Eiganda er skylt að greiða kostnað sem leiðir af brotum á samþykkt þessari.

20. gr.

Viðurlög.

Um viðurlög vegna brota á samþykkt þessari fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Brot gegn samþykkt þessari varða sektum rúmist þau jafnframt innan refsíákvæða hlutaðeigandi laga, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Skulu þau brot sæta þeirri málsmeðferð sem boðin er í lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Um kærumeðferð fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

21. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi staðfestist hér með skv. 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur út gildi samþykkt nr. 391/2004 um hunda- og kattahald í Eyjafjarðarsveit.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 12. nóvember 2020.

F. h. r.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir / Steinunn Elna Eyjólfsdóttir